

**3424. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
9. júlí 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ólafur Adolfsson varamaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2001139 - Kjarasamningur milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness**

Málefni kjarasamnings Eflingar við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Vilhjálmur Birgisson tekur sæti á fundinum undir þessum lið kl. 08:15.

*Bæjarráð þakkar Vilhjálmí fyrir hreinskiptnar og góðar umræður.*

**2. 1902095 - Starfshópur um framtíðarskipulag mötuneytismála**

Bæjarráð tók fyrir afurð starfshóps um framtíðarskipulag mötuneytismála á fundi sínum þann 25. júní sl. og vísaði henni til kynningar í stjórn Höfða.

Elsa Lára Arnardóttir formaður stjórnar Höfða fer yfir athugasemdir og umræður frá þeim kynningarfundum.

Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og fulltrúi í starfshópi mötuneytismála tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð felur starfshópunum að greina nánar eftirfarandi valkosti:*

*1. Bætt verði úr núverandi stöðu mötuneytismála með endurmati á gæðum matseðla, næringarráðgjöf og innkaupum.*

*2. Útboð á þjónustunni í aðstöðu kaupstaðarins eða útboð óháð aðstöðu.*

*Bæjarráð felur starfshópunum að greina nánar framkvæmdina, kostnaðinn og ávinninginn sem fylgir framangreindu. Bæjarráð óskar eftir því að greiningin liggja fyrir eigi síðar en um mánaðarmótin september/október.*

**3. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur**

Greiningarvinna lögð fram um fjármagn til Íþróttafélaga og Íþróttabandalagsins á Akranesi.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fer yfir greininguna.

*Bæjarráð þakkar bæjarstjóra fyrir umfangsmikla greiningu og kynningu hennar.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að kynna greininguna fyrir fulltrúum skóla- og frístundaráðs og leggur bæjarráð til að því loknu verði málið tekið fyrir á sameiginlegum fundi ráðanna í ágúst.*

**4. 2007050 - Samstarf um fjölgun íbúða, eflingu stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingagátt**

Viljayfirlýsing Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Akraneskaupstaðar um fjölgun íbúða, eflingu stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingagátta í Akraneskaupstað

*Viljayfirlýsingin lögð fram til kynningar. Bæjarráð óskar eftir umsögn velferðar- og mannréttindaráðs og skipulags- og umhverfisráð.*

**5. 2006227 - Endurhönnun grunnskólalóða**

Framkvæmd á 1. áfanga endurgerðar lóðar við Brekkubæjarskóla. Fyrir liggur tillaga frá starfshópi um endurhönnun grunnskólalóða. Fyrsti framkvæmdahluti er áfangi á endurgerð lóðar við Brekkubæjarskóla. Í þeim áfanga felast framkvæmdir við aparólu, nýja botavelli s.s. körfuboltavöll og pokóvelli, mótun á sleðabrekku og setþrepum. Áætlaður kostnaður fjárfestingar er um 10 milljónum króna umfram það sem reiknað var með í fjárhagsáætlun 2020. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun 2020 vegna þessa mismunar.

*ELA vikur af fundi við afgreiðslu málsins.*

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir breytingu á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun.*

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir viðauka nr. 22 við fjárhagsáætlun 2020. Viðaukinn felur í sér aukningu á fjárfestingaráætlun að upphæð 10 m. kr. og auknum kostnaði skal mætt með lækkun á handbæru fé.*

**6. 1911011 - Höfðasel 16 - viðhaldsverkefni**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gerður verður viðauki til að mæta auknum kostnaði vegna viðhalds á girðingu meðfram gámastöðinni við Höfðasel.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir viðauka nr. 23 við fjárhagsáætlun 2020. Viðaukinn felst í aukningu á framkvæmdaáætlun og auknum kostnaði skal mætt með lækkun á handbæru fé.*

**7. 2001272 - Deiliskipulag Stofnanareits - Stillholt 9**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir meðfylgjandi greinargerð sem inniheldur svör við þeim athugasemdum sem bárust við grenndarkynninguna.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

*Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir að deiliskipulagsbreytingin vegna Stofnanareits - Stillholt 9 verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**8. 2004058 - Dalbraut 6 - leiguíbúðir fyrir aldraða**

Niðurstaða umsóknar Leigufélags aldraða hses. til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um stofnframlag vegna uppbyggingar á 34 íbúðum við Dalbraut 6 á Akranesi.

*Lagt fram til kynningar.*

*Bæjarfulltrúarnir ELA og VLJ fagna þessari úthlutun fyrir uppbyggingu á leiguíbúðum fyrir aldraða við Dalbraut 6.*



**9. 2005140 - Bjarg íbúðafélag - umsókn um stofnframlag 2020**

Niðurstaða umsóknar Bjarg íbúðafélags hses. til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um stofnframlag vegna uppbyggingar á 24 íbúðum við Asparskóga á Akranesi.

*Lagt fram til kynningar.*

*Bæjarfulltrúarnir ELA og VLJ fagna þessari úthlutun fyrir uppbyggingu á íbúðum við Asparskóga.*

**10. 2006293 - Vefur Ljósmyndasafns Akraness**

Minnisblað forstöðumanns menningar- og safnamála varðandi málefni vefs Ljósmyndasafns Akraness kynnt.

*Bæjarráð þakkar forstöðumanni menningar- og safnamála fyrir upplýsingarnar. Varðandi fjárhagsbeiðni um rekstur vefsins fyrir árið 2021 er þeirri beiðni vísað til fjárhagsáætlunargerðar.*

**11. 2007005 - Orkuveita Reykjavíkur - eigendalán**

Erindi Orkuveitu Reykjavíkur um endurgreiðslu eigendalána.

*Bæjarráð samþykkir að falla frá áskilnaði um þriggja mánaða fyrirvara vegna endurgreiðslu láns frá 13. apríl 2011.*

**12. 2007040 - Jöfnunarsjóður - framlög til sveitarfélaga 2020**

Skerðing Jöfnunarsjóðs til Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð Akraness lýsir yfir áhyggjum vegna áforma um skerðingu á framlögum ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áhrif skerðingarinnar á Akraneskaupstað eru á bilinu 77-80 milljónir króna að teknu tilliti til mótvægisáðgerða ríkisins. Bæjarráð hvetur ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga til þess að eiga í faglegu samtali og samstarfi um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.*

*Bæjarráð Akraness leggur mikla áherslu á að öll áform um skerðingu á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði dregin til baka. Sveitarfélög glíma nú við efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldurs, Covid-19, en mörg sveitarfélög hafa lagt út í aukinn kostnað vegna þeirra og sjá jafnframt fram á umtalsverðan tekjumissi. Tekjur sem Akraneskaupstaður verður af ef áform um skerðingar ganga eftir þýðir m.a. minna framlag Jöfnunarsjóðs til málefna grunnskóla og málefna fatlaðra. Á árinu 2019 greiddi Akraneskaupstaður 124 milljónir króna með málefnum fatlaðra til að halda uppi þeirri mikilvægu þjónustu en umframgreiðslur vegna málaflokksins frá árinu 2011 nema um 443 milljónum króna.*

*Bókun bæjarráðs Akraness er hér með komið á framfæri við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, félags- og barnamálaráðherra, þingmenn norðvestur kjördæmis og Samband íslenskra sveitarfélaga.*

**13. 2007032 - Bjarkargrund / Furugrund - lagnastígar**

Erindi frá íbúum við Bjarkar- og Furugrund vegna lagnastíga sem liggja á milli gatna í Grundahverfi.

*Bæjarráð þakkar fyrir erindið og vísar því til úrlausnar í skipulags- og umhverfisráði.*

**14. 2006261 - Barnadagskrá Icedocs - Akratorgi**

Beiðni um að fá að halda Barnadagskrá Icedocs á Akratorgi laugardaginn 18. júlí 2020.

*Bæjarráð samþykkir að barnadagskrá hátíðarinnar Icedocs fari fram á Akratorgi. Minnt er á að gæta vel að umgengni og frágangi og gæta að reglum um sóttvarnir.*

**15. 2006312 - Opinber störf á landsbyggðinni**

Bókun Byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 16. júní 2020.

*Bæjarráð Akraness tekur undir með Byggðaráði Sveitarfélagsins Skagafjarðar þar sem þau fagna ákvörðun félags- og barnamálaráðherra um fjölgun starfa á landsbyggðinni.*

*Bæjarráð Akraness leggur mikla áherslu á að þegar ný störf verða til hjá ráðuneytum og stofnunum þess að þá verði þau auglýst sem störf án staðsetningar enda gerir nútímasamskiptatækni það kleift að vinna hin ýmsu störf hvar sem er.*

*Þessu tengt má nefna að á Akranesi var nýverið opnað samvinnusetur við Bárgötu sem gerir fyrirtækjum og opinberum aðilum það mögulegt að starfsmenn þeirra geti starfað nær heimili og fjölskyldu.*

*Bókun bæjarráðs er hér með komið á framfæri til allra ráðherra ríkisstjórnar Íslands og þingmanna norðvestur kjördæmis.*

**16. 2001149 - Sorpmál - starfshópur**

Upplýsingar frá starfshópi um sorpmál.

Lagt fram.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:45.**

*Elsa hára Annarsdóttir.*

*Valgerður E. Þórunn*

*Ólafur Þórunn*

*Sævar Frey Þórunn*

*Sævar Frey Þórunn*